

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Þinglýstir eigendur Seljaness í Árneshreppi skv. meðfylgjandi umboði kæra hér með tvö framkvæmdaleyfi Árneshrepps til Vesturverks frá 12. júní 2019:

1. Leyfi til ótiltekinna framkvæmda á 16 km vegarkafla vegar F649 frá brekku ofan Eyrar við Ingólfsfjörð að Hvalá í Ófeigsfirði án efnistökukeyfis. Vegurinn er nú byggðavegur um eyðilendur skv. lögum.
2. Leyfi til brúargerðar á Hvalá, iðnaðarsvæðis við Hvalá og 25 km vegar upp Strandarfjöll og um Ófeigsfjarðarheið að þremur stöðuvötnum og efnistökukeyfi. Svæðið er nú óbyggð víðerni skv. lögum.

Þess er krafist að kærðar ákvarðanir verði felldar úr gildi. Krafist er úrskurðar um stöðvun framkvæmda á meðan málið er til meðferðar í úrskurðarnefndinni skv. 5. gr. laga nr. 130/2011. Kæruheimild er í 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Byggt er á atvikum og málsástæðum eftir því sem við á og koma fram í kæru eigenda lóða að Eyri dagsettri 3. júlí 2019 varðandi 1. kærulið þessarar kæru, og í kæru landeigenda að Seljanesi og fl. dagsettri 12. apríl 2019 á deiliskipulagi vegna Hvalárvirkjunar, kæru landeigenda að Drangavík á sama og framkvæmdaleyfi skv. kæru dagsettri 23. júní 2019 og kæru fernra umhverfisverndarsamtaka dagsettri 9. júlí 2019 á framkvæmdaleyfi varðandi 2. kærulið þessarar kæru.

Eigendur Seljaness hafa lögvarinna hagsmuna að gæta af báðum kærðum ákvörðunum. Um aðild vegna 1. kæruliðar er vísað til þess að vegur F649 liggur nú þegar um land Seljaness afar nærri íbúðarhúsum og búsetu- og atvinnuminjum á jörðinni. Um er að ræða svokallaðan landsveg sem skv. skilgreiningu er vegur um eyðibyggðir með árstíðabundna umferð og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum sbr. d-liður 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007. Ástæða þess að vegurinn er á vegaskrá sem landsvegur er að ástæða þykir til að halda honum við, ekki vegna virkjanaf framkvæmda, heldur er um að ræða veg um byggðir sem farið hafa í eyði en rétt þykir að halda opnum með lágmarkspjónustu í þágu ferðapjónustu sbr. lokamálsliður athugasemdar með tilvitnuðu lagaákvæði í frumvarpi. Sumardagsumferð er 15 bílar og landsveginn vilja landeigendur að Seljanesi standa vörð um sem þann ferðamannaveg sem hann er. Mennigartengd ferðapjónusta er nú stunduð í Seljanesi með styrkjum frá hinu opinbera og gönguferðir eru skipulagðar frá enda vegarins af áhugamannafélagi stofnuðu 1927 með vinsælan gistiskála í sveitarfélaginu. Aðrar sérstakar ástæður fyrir lágmarkspjónustu og lagalegri skilgreiningu vegar F649 sem landsvegur liggja ekki fyrir. Engin lagaheimild er til að breyta eðli vegarins og notkun í aðkomuveg að virkjanasvæði með vinnuvélaumferð og ekkert er deiliskipulagið fyrir hann og grenndarkynning var engin viðhöfð. Ekkert liggur fyrir um breidd meints framkvæmdasvæðis um þennan þrönga veg sem liðast milli minjastaða um Ingólfsfjörð og fyrir Seljanes í Ófeigsfjörð sem landsvegur í eyði byggð - en ef marka má hugmyndir í framsali Vegagerðarinnar á veghaldi til framkvæmdaraðila í samningi 19. júní sl. gæti það orðið allt að 12 metrum. Það er fráleitt á þessum vegi og myndi á óafturkræfan hátt hafa áhrif á hagsmuni eigenda Seljaness til allrar framtíðar. Hafa þeir ekki afsalað sér landi undir slíkt vegsvæði. Auk eignar- og grenndarréttar vísa kærendur til frelsis til skoðana og sannfæringar sem verndað er af 73. gr. stjórnarskrárinnar sbr. einnig dóma MDE í *Chassagnou gegn Frakkandi* 29. apríl 1999 og *Herrmann gegn Þýskalandi* 26. júní 2012. Um aðild vegna 2. kæruliðar er vísað til 3. kafla í kæru til úrskurðarnefndar á deiliskipulagi dags 12. apríl 2019, sem þrír eigenda Seljaness standa að meðal annarra. Gríðarleg sjónræn áhrif yrðu frá vegi upp Strandarfjöll og iðnaðarsvæði sem blasa myndi við frá Seljanesi. Gengi slíkt framkvæmd á grenndarrétt kærenda varanlega og stórfellt. Um rúma skýringu aðildarhugtaksins í umhverfisrétti er vísað til fordæmis úrskurðarnefndarinnar í máli 3/2018, *Arctic Sea Farm*.

f.h. kærenda skv. umboði í Reykjavík, 15. júlí 2019

Guðmundur Arngrímsson